

Viljayfirlýsing

um uppbyggingu hjúkrunarrýma og þjónustu fyrir aldraða í Reykjavík

Í ljósi hlutfallslegrar fjölgunar aldraðra á komandi árum mun þörf fyrir hjúkrunarrými í Reykjavík aukast. Mikilvægt er að undirbúa vel þá uppbyggingu og þjónustu sem nauðsynleg er í málefnum aldraðra í Reykjavík.

Velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg lýsa yfir vilja sínum til að fjölga hjúkrunarrýmum og efla þjónustu við aldraða í Reykjavík með eftirfarandi hætti á árunum 2013-2020

I. Sléttuvegur

Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð undirrituðu þann 8. ágúst 2011 þjónustusamning vegna rekstrar þjónustukjarna fyrir eldri borgara við Sléttuveg. Í samningnum felst að Sjómannadagsráð mun reisa þjónustukjarna við Sléttuveg og u.þ.b. 100 þjónustu- og öryggisíbúðir. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar mun taka á leigu 20 þessara íbúða og úthluta þeim til umsækjenda um þjónustuíbúðir á vegum borgarinnar. Þá mun Reykjavíkurborg leigja hluta þjónustukjarnans undir lögbundna eða valkvæða þjónustu sveitarfélagsins við eldri borgara. Hrafnista, fyrir hönd Sjómannadagsráðs, mun veita þar ýmis konar þjónustu auk þess sem munu þeir annast þjónustu fyrir hönd borgarinnar. Við fyrirhugaðar framkvæmdir hefur verið horft til mikillar uppbyggingar á svæðinu og þá ekki síst til byggingar hjúkrunarrýma sem telja verður forsendu fyrir því að fyrirhuguð uppbygging muni nýtast til fulls. Af hálfu velferðarráðuneytisins er því hér með lýst yfir vilja til að reisa 88 rýma hjúkrunarheimili við Sléttuveg í samvinnu við Reykjavíkurborg, á árunum 2014-2016. Reykjavíkurborg, velferðarráðuneyti og Sjómannadagsráðs/Hrafnista munu svo gera sérstakan samstarfssamning um starfsemi hjúkrunarheimilisins áður en framkvæmdir hefjast vorið 2014.

II. Seljahlíð

Í Seljahlíð hefur verið í undirbúningi sem tilraunaverkefni á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í samvinnu við velferðarráðuneytið en í því felst nýr valkostur fyrir aldraða í þjónustu- og búsetumálum. Í stað þess að íbúi flytji á hjúkrunardeild frá þjónustuíbúð koma til greiðslur vegna umönnunar frá ríkinu byggðar á RAI - Nursing Home matstæki. Þannig mun þjónustan fylgja einstaklingnum og fullt sjálfstæði einstaklinga verður tryggt. Þjónustuíbúð getur þannig orðið að hjúkrunaríbúð ef þörf er á án þess að viðkomandi þurfi að flytja.

Af hálfu aðila er því hér með lýst yfir vilja til að koma tilraunaverkefni þessu á fót á árinu 2013.

III. Heimahjúkrun

Reykjavíkurborg tók við rekstri heimahjúkrunar árið 2009 samkvæmt þjónustusamningi við ríki. Samningnum fylgir kröfulýsing sem unnið hefur verið eftir síðan. Úttekt á heimahjúkrun árið 2011 leiddi í ljós að Reykjavíkurborg hafði uppfyllt flest allar kröfur. Í því felst m.a. að þjónusta hefur verið endurskipulögð og samþætt félagslegri heimabjónustu um kvöld og helgar, gæði þjónustunnar hafa verið aukin, eftirlit með þjónustunni hefur verið eflt, unnið hefur verið að samstarfi við önnur þjónustuúrræði, jafnframt hefur verið fjárfest í aukinni sérfræðipækkingu starfsmanna. Hægt er að nýta þá fjárfestingu sem lögð hefur verið í heimahjúkrun í Reykjavík enn betur með því að efla heimahjúkrun til aldraðra, efla samstarf við LSH, auka heimahjúkrun inn í þjónustu- og öryggisíbúðir, koma á sérhæfðu heimahjúkrunarteymi vegna einstaklinga með heilabilun og auka aðkomu iðjuþjálfunar og aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir aldraða. Þá vilja aðilar kanna möguleikana á því að sérsníða viðbótarþjónustu fyrir þá sem þegar hafa fengið færni- og heilsumat í hjúkrunarrými en eru ekki í slíku rými. Af hálfu aðila er því lýst yfir vilja til að fara í samstarf um öflugri heimahjúkrun með auknu fjármagni svo mögulegt sé að þjónusta fleiri heima.

IV. Þjónustumiðstöð í Spönginni

Reykjavíkurborg hefur sótt um framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra til að byggja þjónustumiðstöð við Spöngina til að bæta öldrunarþjónustu. Ætlunin að hefja þar rekstur þjónustumiðstöðvar árið 2014 og fá einnig leyfi til reksturs 20 dagdvalarrýma fyrir heilabilaða. Af hálfu velferðarráðuneytisins er hér með lýst yfir vilja til að reka 20 dagdvalarrými fyrir heilabilaða í Spönginni þegar hið nýja húsnaði er tilbúið.

V. Uppbygging og þróun þjónustu til 2020

Samhliða ofangreindu munu velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa forgöngu um skipun starfshóps sem taki til starfa á árinu með þátttöku háskólasamfélagsins. Starfshópurinn meti þjóðfélagsleg áhrif fjölgunar aldraðra og geri tillögur að viðbrögðum, s.s. áætlun um þörf fyrir uppbyggingu hjúkrunarrýma, eflingar þjónustu í heimahúsum, sveigjanlegum dagþjálfunarúrræðum og þjónustuíbúðum/öryggisíbúðum fram til ársins 2020. Starfshópurinn vinni í samstarfi við nefnd um flutning málefna aldraðra til sveitarfélaga og skili niðurstöðum fyrir lok árs 2013.



Guðbjartur Hannesson

Velferðarráðherra



Dagur B. Eggertsson


formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar

Með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Vottar:



Guðrún Halldórsdóttir



Pjetur Magnússon